

Heims um ból

(silent night, holy night)

Lag: Franz Gruber
Texti: Sveinbjörn Egilsson

1. Heims um ból helg eru jól.

**Signuð mæ'r son Guðs ól,
frelsun mannanna, frelsisins lind,
frumglæði ljóssins. En gjörvöll
mannkind**

∴ meinvill í myrkrunum lá.∴∴

2. Heimi í hátíð er ný.

Himneskt ljós lýsir ský.

**Liggur í jötunni lávarður heims,
lifandi brunnur hins andlega seims,**

∴ konungur lífs vors og ljóss.∴∴

3. Heyra má himnum í frá

englasöng, allelújá.

**Friður á jörðu, því faðirinn er
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér.**

∴ samastað syninum hjá.∴∴